

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. febrúar 2013
Tilvísun: UST20130200183/bs

Urðarfallsvirkjun í landi Húsafells. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 20. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða 1000 kW rennslisvirkjun sem nýta vatn sem leitt var í veituskurði yfir í Ásgil úr farvegi Deildargils árið 1955. Slóðir liggja nú þegar lang leiðina að fyrirhuguðu stíflustæði. Nýlagning vega er áætluð 900 m og styrking núverandi slóða um 4000 m.

Efnisþörf í slóðagerð er áætluð um 1000 m³. Efnið verður tekið ú námu við Hálsasveitarveg. Stífla verður steinsteypt um 3 m að hæð. Ráðgert er að inntakslón verði innan við 3000 m² að flatarmáli. Lengd fallpípu er áætluð 3250 m. Stöðvarhús verður allt að 80 m² að flatarmáli. Fyrirhuguð framkvæmd er innan svæðis nr. 206 á náttúruminjaskrá, Húsafell.

Náttúruverndargildi svæðisins er talið vera: *Tilkomumikið, fjölbreytt landslag, víðlendur skógur, laugar og lindir. Vinsælt útivistarsvæði.*

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif umræddrar framkvæmdar gæti orðið neikvæð sjónræn áhrif vegna lagningar fallpípu. Sem mótvægisáðgerð verður tryggt að rennsli vatns eftir yfirborðinu verði eðlileg og að rof myndist ekki. Umhverfisstofnun telur að við frágang á pípuleiðinni eigi að leitast við að fella röskuð svæði að landi þannig að ekki myndist hryggir sem sýnilegir væru. Áhrif framkvæmdarinnar verða helst á neðri hluta pípuleiðarinnar þar sem hún liggur um birkikjarr, en röskun birkis verður forðað eins og kostur er með því að leggja fallpípuna fram hjá skóginum þar sem hann er samfelldur. Umhverfisstofnun telur að í stað þess að fella birki skuli reynt að taka hríslurnar upp með nægjanlega stórum hnaus þannig að mögulegt verði að nýta hríslurnar til frágangs á röskuðum svæðum.

Umhverfisstofnun telur að ef staðið verði að framkvæmdinni einsog henni er lýst í greinargerð muni hún ekki skerða náttúruverndargildi svæðis nr. 206 á náttúruminjaskrá. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

Olafur Aðjónsson

Björn Stefánsson